



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Helgi Valberg Jensson
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2015.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. í dag, sem afhent var af fulltrúum ráðuneytisins á skrifstofu félagsins fyrr í dag. Þar er því haldið fram að Landssamband lögreglumanna standi fyrir aðgerðum sem jafna má til verfalla í bága við ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Vegna þessa er rétt að taka fram að fyrirsvarsmenn Landssambands lögreglumanna gera sér fulla grein fyrir ákvæðum löggreglulaga 90/1996 um bann við verkföllum lögreglumanna sem og ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.m.t. ákvæði 14. gr. laganna sem vísað er til í bréfi ráðuneytisins. Rétt er að áréttu að félagið hefur hvorki nú né áður staðið fyrir ólögmætum verfallsaðgerðum.

Fyrirsvarsmönnum félagsins var ókunnugt um sögusagnir um yfirvofandi veikindi félagsmanna sem lýst er í bréfi ráðuneytisins. Séu þær sögusagnir á rökum reistar áréttar félagið að það hefur á engan hátt komið að skipulagningu slíkra aðgerðar og frábiður sér slikein aðdróttanir.

Félagið hefur í framhaldi af afhendingu bréfsins birt á heimasiðu sinni svofellda yfirlýsingu vegna málsins:

, „Landssamband lögreglumanna hefur móttakið í dag, boðsent bréf frá fjármálaráðuneytinu, hvers efni er að upplýsa LL um að ráðuneytið hafi undir höndum upplýsingar þess efnis að lögreglumenn hyggist gripa til ólöglegra vinnustöðvana dagana 9. og 10. október, 16. október sem og aftur dagana 27. og 28. október n.k.

Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið líti svo á að hér sé um að ræða ólöglegar aðgerðir og vinnustöðvanir af hálfu félagsmanna LL og jafnframt lýsir ráðuneytið fullri ábyrgð á þessum aðgerðum á hendur LL. Þá kemur og fram í bréfinu að ráðuneytið muni, verði af þessum aðgerðum, leita allra lögmætra leiða, þ.m.t. að höfða mál á hendur LL til að koma í veg fyrir aðgerðirnar og eða takmarka það tjón sem þessar ólögmætu aðgerðir kynnu að valda kaemu þær til framkvæmda.




LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Athygli lögreglumanna er hér með vakin á tilvitnuðu bréfi ráðuneytisins sem og þeirri staðreynd að þær aðgerðir, sem ráðuneytið vitnar til í bréfi sínu til formanns LL, eru ekki á neinn hátt undirbúnar af eða á ábyrgð LL.

Pá hvetur LL félagsmenn sína, af augljósum ástæðum, til að fara að lögum i hvívetna í tengslum við þá kjaradeilu sem LL á í um þessar mundir við ríkisvaldio.“

Af hálfu félagsins er því hafnað að það geti borið ábyrgð á veikindum einstakra félagsmanna eða meintum aðgerðum þeirra sem kunni að fara gegn ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Öllum hugsanlegum bótakröfum ríkisins á hendur Landssambandi lögreglumanna er alfarið hafnað.

Landssambandið mun birta bréf ráðuneytisins i heild sinni, sem og svarbréf þetta á heimasíðu sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon formaður

Frumrit bréfs þessa móttekið:
þann 8. október 2015

Afrit:

Innanríkisráðuneytið